

Brússel yfirlýsingin um alþjóðlegt samstarf um iðorðamál

Fulltrúar iðorðastofnana, -samtaka og skráningarmiðstöðva á lands- og alþjóðavísu

telja að iðorðamál komi óhjákvæmilega við sögu í öllu því sem menn fást við,

hafa í huga að iðorð eru lykillinn að því miðla upplýsingum í sérgreinum, auk þess sem þau gegna ríku hlutverki við að festa í sessi og ýta undir menningar- og mállega fjölbreytni,

gera sér grein fyrir nauðsyn þess að koma sérfræðingum og þeim sem ákvarðanir taka í skilning um að iðorðastarf hefur gríðarmikla þýðingu við samskipti og þekkingarmiðlun,

undirstrika nauðsyn þess að sérþjálfað iðorðafólk taki í störfum sínum mið af væntingum og þörfum notenda,

leggja áherslu á nauðsyn alþjóðlegs samstarfs meðal allra þeirra sem starfa á þessu sviði eða eiga hagsmuna að gæta og einkum að þeir gæti samræmis við að deila með sér iðorðagögnum,

eru áfram um að efla þróun iðorðasafna og innviði til að koma þeim á framfæri,

æskja þess að ríki og ríkisstjórnir, milliríkja- og alþjóðastofnanir og -samtök og stofnanir og samtök sem fást við málstefnu

- styðji við að myndaðir verði innviðir fyrir iðorðastarf innan stórra efnahagsheilda, t.d. í Evrópu og á væntanlegu fríverslunarsvæði Ameríku, og styðji við þá innviði fyrir iðorðastarf sem þegar eru til;
- hvetji til stefnumótunar um iðorðamál innan áætlana um starfsþjálfun og fræðslu o.s.frv.;
- ýti undir samstarfsaðferðir sem taka mið af fyrri reynslu og yfirstandandi verkefnum;
- stuðli að aðgerðum sem miða að því að auka skilning innan atvinnulífs og stjórnsýslu á mikilvægi þess að taka þátt í iðorðastarfi;
- ýti undir að komið verði á fót sérstökum áætlunum til að fjármagna iðorðastarf og þá einkum þróun og uppfærslu iðorðasafna;
- hvetji innlendar staðlastofnanir til að taka virkan þátt í starfi stofnana og samtaka sem gefa út reglur (t.d. ISO/TC 37), þeirra sem vinna að alþjóðlegu samræmi innan iðorðamála og þeirra sem setja reglur um Netið til að tryggja að öll menningar- og málleg séreinkenni komist þar að;
- ýti undir aðgerðir sem miða að viðeigandi nýtingu á iðorðafraeði, einkum á öllum stigum menntunar og sérhæfingar, jafnt á háskólastigi sem utan þess;
- geri iðorðafraeði og sérhæft mál að skyldunámsefni í öllu þýðinganámi og hvetji til þess að það verði kynnt í öllum námsgreinum, einkum í vísindum og tækni;
- hvetji til samráðs sem miði að samræmingu milli landa, þar sem notað er sama tungumál en mismunandi málnorm, við nýyrðasmíð og stöðlun iðorða, jafnframt því sem tillit er tekið til tilbrigða í málnotkun, með því að beita aðlögunarreglum án þess að missa sjónar á nauðsyn þess að efnið skiljist;
- hvetji til fjöltyngis bæði að því er varðar menntun sem og í stjórnsýslu og opinberri málnotkun;
- ýti undir að iðorðasöfn fái útbreiðslu og verði aðgengileg án endurgjalds, einkum þau söfn sem varðveitt eru í opinberum gögnum ríkisstjórna og alþjóðastofnana;

- *kanni* hvernig iðorðastarf kemur við sögu á hverjum tíma við stefnumótun á vegum ríkisstjórna og stofnana;
- *tryggi*, í ljósi þess að þeim löndum fjölgar sem leitast við að hrinda málstefnu í framkvæmd, að sérfræðingar þar fái þjálfun í grundvallaratriðum og aðferðum iðorðafræði, undir merkjum sjálfbærrar þróunar, og veiti þeim stuðning eftir því sem unnt er til að þeir geti tekið virkan þátt í alþjóðlegu iðorðastarfi.

Gert í Brussel 15. júní 2002